

Ríkisskuldabréfasjóður ÍV

31. janúar 2012


Fyrir hvern er sjóðurinn?

Ríkisskuldabréfasjóður ÍV er traustur kostur fyrir þá sem vilja spara til lengri tíma. Sjóðurinn hentar bæði einstaklingum, fyrirtækjum og fagfjárfestum en þar sem gengi hans getur sveiflast töluvert er mælt til þess að fjárfestingar í sjóðnum séu til 2ja ára eða lengur.


Markmið og fjárfestingarstefna

Einungis er fjárfest í markaðsverðbréfum með ríkisábyrgð og er meðallíftími fjárfestinga sjóðsins á bilinu 6-12 ár. Stýring sjóðsins tekur að töluverðu leyti mið af verðbólguhorfum og því getur verðtryggingarhlutfall hans verið breytilegt frá mánuði til mánaðar.

Verðbreyting (upphafsgildi = 100)



Eignasamsetning



Tölfræðilegar upplýsingar

Meðallíftími (ár)	9,79
Verðtryggingarhlutfall	87%
Mánaðarlegt staðalfrávik ávöxtunar s.l. ár	2,0%

Stærstu eignir

HFF 150434	28,2%
HFF 150644	23,3%
RIKS 210414	17,5%
HFF 150224	17,3%
RIKB 250612	3,6%

Verðbreyting tímabila	1 mán	3 mán	6 mán	12 mán	3 ár *	5 ár *
Ríkisskuldabréfasjóður ÍV	1,7%	4,9%	11,7%	16,1%	14,3%	15,0%

* Verðbreytingar 3 og 5 ára eru á ársgrundvelli

Verðbreyting ára	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Ríkisskuldabréfasjóður ÍV	14,0%	11,8%	16,1%	25,5%	3,7%	8,0%

Grunnupplýsingar

Stærð (m.kr.)	3.069
Sjóðstjóri	Jón Helgi Pétursson
Stofnár	2002
Umsýsluþóknun á ári	1,0%
Rekstraraðili	Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf
Vörsluaðili	Íslensk verðbréf hf
Bloomberg auðkenni	RIKIIVA IR

Viðskipti

Lágmarkskaup	3.000
Þóknun við kaup	1%
Þóknun við sölu	0%
Afgreiðslutími	10:00 til 14:00
Uppgjörstími	1 viðskiptadagur (T+1)
Áskriftarmöguleiki	Já
Gengi sjóðsins 31.01.2011	3,023

Hvernig fjárfesti ég í Ríkisskuldabréfasjóði ÍV?

Hægt er að fjárfesta í Ríkisskuldabréfasjóði ÍV með því að hafa samband við ráðgjafa Íslenskra verðbréfa í síma 460 4700. Einnig má fjárfesta í sjóðnum á heimasíðu Íslenskra verðbréfa www.iv.is. Gerast má áskrifandi að sjóðnum með því að hafa samband við Íslensk verðbréf hf., þá er annaðhvort skuldfært af kreditkortu eða millifært af bankareikningi mánaðarlega umsamin upphæð og því bætt við eign viðskiptavinar í Ríkisskuldabréfasjóði ÍV.

Skattlagning

Hagnaður af innlausn eignarhlutdeildar verðbréfasjóðsins er skattskyldur á Íslandi. Skattskyldur hagnaðar ákvarðast samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 og myndar eignarhlutdeild í sjóðnum stofn til greiðslu eignarskatts. Vörslufyrirtæki sjóðsins, Íslensk verðbréf hf., sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann leggst á þegar eignarhlutdeild í sjóðnum er seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af eignarhlutdeild. Söluhagnaður ber 20% fjármagnstekjuskatt.

Fyrirvari

Ríkisskuldabréfasjóður ÍV er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsinga og nánari upplýsinga má nálgast á heimasíðu Íslenskra verðbréfa, www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsinga sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.